

Ár 2008, mánudaginn 11. ágúst, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar á skrifstofu formanns nefndarinnar að Þingholtsstræti 33, Reykjavík.

Fyrir var tekið
Mál nr. 10/2007:
Sigurjónsson & Thor ehf. f.h.
Abgenix, Inc.
gegn
Einkaleyfastofunni,
vegna ákvörðunar
stofnunarinnar frá 7. júní 2007
um að hafna endurveitingu
réttinda skv. 72. gr. ELL v.
einkaleyfisumsóknar nr. 8115.

Kveðinn var upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi, dags. 1. ágúst 2007, skaut umboðsmaður áfrýjanda ákvörðun Einkaleyfastofunnar (ELS), um að hafna beiðni um endurveitingu réttinda vegna einkaleyfisumsóknar nr. 8115/2005, sbr. PCT umsókn nr. PCT/US2003/02632, í eigu áfrýjanda til áfrýjunarnefndar. Þar krefst hann þess að úrskurði ELS verði hrundið og áfrýjanda veitt réttindi til einkaleyfisumsóknar nr. 8115 að nýju.

Málavextir:

I.

Með umsókn nr. 8115/2005, dags. 1. nóvember 2005, sem er yfirfærð alþjóðleg umsókn nr. PCT/US2003/02632 í eigu Abgenix Inc. í Bandaríkjunum, fylgdi beiðni um endurveitingu réttinda skv. 72. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991 (ell.). Með beiðninni fylgdi greinargerð áfrýjanda á ensku um málsatvik, dags. 26. október 2005. Íslensk þýðing greinargerðarinnar, dags. 23. desember 2005, barst ELS síðar. Þar er fjallað um þau atvik sem leiddu til yfirfærslu umsóknarinnar í landsbundna fasann og vísað til þess að áfrýjandi og fyrirtækið AstraZeneca hefðu tekið upp samstarf 15. október 2003 í þeim tilgangi að framleiða læknanði mótEfni til notkunar við meðhöndlun krabbameins. Var gert ráð fyrir því að AstraZeneca veldi prótín sem áfrýjandi ræktaði mótEfni við og hefði eitt slíkt prótín, einkjörnugsogefnaprótín (MCP-1), verið valið 15. október 2003. Í greinargerðinni er bent á að áður en læknanði mótEfni við MCP-1 hefðu verið valin til þróunar samkvæmt samningi áfrýjanda og AstraZeneca hefði

áfrýjandi þróað þau sjálfur í óháðu þróunarverkefni. Þann 19. ágúst 2003 hefði áfrýjandi lagt inn alþjóðlega umsókn nr. WO 04/016769 sem tilgreindi öll aðildarríki samstarfssamningsins um einkaleyfi. Fram kom að samkvæmt samstarfssamningi áfrýjanda og AstraZeneca skyldi gerð sameiginleg áætlun um hvar og hvernig umsóknir um einkaleyfi yrðu lagðar inn hverju sinni og að fyrir mistök hefði áfrýjandi ekki haft samband við AstraZeneca og hefði látið umboðsmann sinn hefja landsbundna fasann samkvæmt venjulegri áætlun sinni um innlögn fyrir hina framangreindu alþjóðlegu umsókn sem hefði náð til Evrópsku einkaleyfastofunnar, Bandaríkjanna, Japans, Kanada og Ástralíu. Tekið var fram í greinargerðinni að þessi áætlun væri takmarkaðri en áætlunin sem AstraZeneca hefði venjulega fylgt fyrir umsókn sem varðaði læknanandi mót efni. Því næst var í greinargerðinni vakin athygli á því að hjá áfrýjanda hefði starfað innanhús sérfræðingur í einkaleyfum og hefði hann auk þess notið aðstoðar einkaleyfaskrifstofunnar Knobbe, Martens, Olson and Bear LLP (Knobbe). Sagt var frá að 2. desember 2004 hefði áfrýjanda borist bréf frá Knobbe þar sem beðið hefði verið um fyrirmæli varðandi áætlun um innlögn hinnar alþjóðlegu umsóknar í landsbundna fasann. Daginn eftir, 3. desember 2004, hefði einkaleyfasérfræðingur áfrýjanda hætt störfum og þar sem hann hefði unnið fjarri fyrirtækinu áður en hann hætti hefði hann ekki séð bréfið frá Knobbe. Þetta hefði leitt til þess að bréfi Knobbe hefði verið svarað af áfrýjanda 14. desember 2004 á þá leið að hefja bæri landsbundna fasann í samræmi við venjulega áætlun áfrýjanda um erlenda innlögn (Evrópska einkaleyfastofan, Bandaríkin, Japan, Kanada og Ástralía). Þessi fyrirmæli hafi verið gefin án samráðs við AstraZeneca um að fylgja víðtækari áætlun um erlenda innlögn en slík víðtækari áætlun hefði falið í sér að landsbundinn fasi hefði hafist fyrir umsóknina á Íslandi. Tekið var fram í greinargerðinni að þessi mistök hefðu ekki uppgötvast fyrr en 8. september 2005 í samtali einkaleyfasérfræðinga áfrýjanda og AstraZeneca þegar í ljós kom að fylgt væri takmarkaðri áætlun um yfirfærslu hinnar alþjóðlegu umsóknar í landsbundinn fasa en samstarfsaðili áfrýjanda, AstraZeneca, fylgdi vanalega.

II.

Með bréfi ELS til umboðsmanns áfrýjanda frá 7. júní 2007 var honum tilkynnt að beiðni hans um endurveitingu réttinda, samkvæmt umsókn nr. PCT/US2003/02632, væri hafnað. Í niðurstöðu sinni vísaði ELS til þess að skv. 1. mgr. 31. gr. ell. skyldi umsækjandi, óskaði hann eftir að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands, greiða tilskilin gjöld til einkaleyfayfirvalda innan 31 mánaðar frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi umsóknar. Þar sem forgangsréttar hefði verið krafist frá 19. ágúst 2002 hefði áfrýjanda borið að yfirfæra umsóknina hingað til lands eigi síðar en 19. mars 2005. Þá vísaði stofnunin til 1.

mgr. 72. gr. ell. um heimild til að endurveita umsækjanda rétt sem hefur glatast í því tilviki að hann hafi ekki gert ráðstafanir innan þess frests sem settur er í lögum um einkaleyfi eða á grundvelli þeirra. Skilyrði er þó að hlutaðeigandi hafi gert allt sem með sanngirni megi krefjast af honum til að virða frestinn og skulu einkaleyfayfirvöld endurveita honum réttinn geri hann viðeigandi ráðstafanir innan tveggja mánaða frá brottfalli hindrunar sem töfinni olli, en þó aldrei síðar en einu ári frá lokum frestsins. Til að fá réttinn endurveittan þurfi umsækjandi einnig að leggja fram skriflega beiðni þar að lútandi og greiða tilskilin gjöld. ELS taldi beiðni áfrýjanda hafa borist innan lögboðinna fresta skv. 1. mgr. 72. gr. ell. Vísaði stofnunin til þess að við mat á því hvort hlutaðeigandi hafi gert allt sem með sanngirni mætti krefjast af honum yrði að beita ströngu mati þar sem um undanþáguákvæði væri að ræða. Þá þyrftu þær hindranir sem um ræddi að vera þess eðlis að umsækjandi hefði ekki getað séð þær fyrir eða hann hefði með engu móti getað virt frestinn. Stofnunin tók fram að áfrýjandi væri skráður sem umsækjandi 360 einkaleyfa, hann hefði starfandi einkaleyfasérfræðing innan fyrirtækisins og hefði auk þess notið sérfræðilekkingar einkaleyfaskrifstofunnar Knobbe, Martens, Olson and Bear LLP. Með vísan til þessa taldi stofnunin að gera yrði strangar kröfur til áfrýjanda við mat á því hvort hann hefði gert allt sem með sanngirni mætti krefjast af honum. Stofnunin taldi það ekki fullnægjandi skilyrði fyrir endurveitingu réttinda skv. framangreindu ákvæði að einkaleyfasérfræðingur áfrýjanda hefði ekki séð bréf einkaleyfaskrifstofunnar enda hefði öðrum starfsmönnum fyrirtækisins, a.m.k. stjórnendum þess, átt að vera kunnugt um efni samnings áfrýjanda og AstraZeneca. Hefði stjórnendum áfrýjanda einnig átt að vera ljóst að sérstaka aðgát hefði þurft að sýna þar sem einkaleyfasérfræðingur hans hefði hætt störfum. Vísaði stofnunin til þess að langur tími hefði liðið frá því að bréfi Knobbe hefði verið svarað þar til mistökin uppgötvuðust, eða tæpir 9 mánuðir.

III.

Umboðsmaður áfrýjanda skaut ákvörðun ELS til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags. 1. ágúst 2007, þar sem hann krefst þess að úrskurði stofnunarinnar verði hrundið og að beiðni áfrýjanda um endurveitingu réttinda skv. einkaleyfaumsókn nr. 8115 verði tekin til greina. Í greinargerð, dags. 9. október 2007, vísar umboðsmaður áfrýjanda til þeirra orða ELS að a.m.k. stjórnendum áfrýjanda hefði átt að vera kunnugt um efni samnings áfrýjanda og AstraZeneca. Umboðsmaður áfrýjanda tekur fram í fyrsta lagi að málið hafi verið lagt inn áður en samstarf fyrirtækjanna hófst og því hefði það ekki verið augljóst stjórnendum að það væri hluti þessarar samvinnu. Umboðsmaður áfrýjanda segir staðreyndir málsins vera þær að

samstarf fyrirtækjanna hafi hafist 15. október 2003 og að í samkomulagi þeirra í milli væri kveðið á um að AstraZeneca veldi prótín sem áfrýjandi byggi til mótefni gegn. Eitt þeirra prótína hafi verið einkjörnungsogefnaþrótn (MCP-1) sem sé prótínið sem fjallað sé um í einkaleyfisumsókninni. Fram kom hjá umboðsmanni að áfrýjandi hefði einn þróað meðferðarfræðileg mótefni gegn MCP-1 sem óháð þróunarverkefni áður en samkomulag var gert milli fyrirtækjanna og að hin alþjóðlega umsókn (nr. WO 04/016769) hafi verið lögð inn 19. ágúst 2003, áður en það samkomulag hafi verið gert. Telur umboðsmaður áfrýjanda í ljósi þessa að ekki sé augljóst fyrir þann sem ekki er kunnugt um innihald samkomulags fyrirtækjanna að málið sé hluti samstarfs þeirra. Í öðru lagi tekur umboðsmaður fram að sá sem hafi séð um málið eftir að einkaleyfasérfræðingur áfrýjanda lét af störfum sé ekki sérfræðingur um einkaleyfi og honum hafi ekki verið kunnugt um samkomulag fyrirtækjanna. Í þriðja lagi tekur umboðsmaður fram að ekkert í bréfaskiptum Knobbe hefði getað gefið þeim aðila sem sinnti málinu til kynna að það félli undir samvinnu áfrýjanda og AstraZeneca. Því næst vísar umboðsmaður til athugasemda ELS um að langur tími hafi liðið frá því að bréfinu frá Knobbe hafi verið svarað þar til mistökin uppgötvaðust. Telur umboðsmaður áfrýjanda þetta ekki geta talist rök fyrir höfnun á beiðni um endurveitingu réttinda því skv. 72. gr. ell. og 9. mgr. 46. gr. samstarfssáttmálans um einkaleyfi hafi umsækjandi 12 mánuði frá þeim degi sem tímamörkin renna út til að krefjast endurveitingar réttinda. Umboðsmaður áfrýjanda telur ljóst að Knobbe og áfrýjandi hafi gert allt sem með sanngirni mætti teljast af þeim til að tryggja yfirfærslu hinnar alþjóðlegu umsóknar í landsbundna fasann. Hins vegar hafi það verið röð ófyrirséðra atvika sem hafi leitt til þess að hin alþjóðlega umsókn var ekki yfirfærð í landsbundna fasann innan tilskilinna tímamarka á Íslandi. Þá vakti umboðsmaður áfrýjanda athygli á því að áfrýjanda hafi ekki verið gefinn kostur á að koma með athugasemdir við rök ELS fyrir því að hafna beiðni áfrýjanda um endurveitingu réttinda áður en ELS hafi sent umboðsmanni áfrýjanda bréf, dags. 7. júní 2007, um höfnun. Ítrekar umboðsmaður áfrýjanda því næst kröfur um að úrskurði ELS, dags. 7. júní 2007, verði hrundið og beiðni áfrýjanda um endurveitingu réttinda verði tekin til greina.

Í greinargerð ELS, dags. 11. febrúar 2008, fjallar stofnunin um það sem fram hefur komið í greinargerð umboðsmanns áfrýjanda um að málið hafi verið lagt inn áður en samstarf fyrirtækjanna hafi orðið að veruleika. Um þetta segir ELS orðrét:

Í greinargerð áfrýjanda heldur hann því fram að þetta mál hafi verið lagt inn áður en samvinna AstraZeneca og Abgenix varð að veruleika þannig að það hefði ekki verið augljóst neinum á stjórnunarstigi að það væri hluti af samvinnu AstraZeneca og Abgenix, Inc. Einkaleyfastofunni er ljóst að alþjóðleg umsókn í eigu Abgenix, Inc. var lögð inn áður en umrætt samstarf hófst, hins vegar hafi ákvörðun um yfirfærslu alþjóðlegu umsóknarinnar ekki verið tekin

fyrir en eftir að samvinna fyrirtækjanna hófst og þau gerðu með sér sérstakt samkomulag. Í samkomulaginu felst m.a. að Abgenix, Inc. og AstraZeneca ákveði sameiginlega hvernig og hvar einkaleyfaumsóknir eru lagðar inn. Er það sérstaklega tekið fram í greinargerð umsækjanda sem fylgdi með kröfunni um endurveitingu, að fyrir mistök hafði Abgenix, Inc. ekki samband við AstraZeneca og lét umboðsmann sinn hefja landsbundna fasann samkvæmt venjulegri áætlun sinni, en sú áætlun sé takmarkaðri en áætlunin sem AstraZeneca fylgi venjulega. Að mati Einkaleyfastofunnar hefði aðilum á stjórnunarstigi því átt að vera fullkunnugt um hvað samkomulagið felur í sér og að ákvarðanatáka um yfirfærslu og innlagningu einkaleyfaumsókna þyrfti samkvæmt samkomulaginu að vera ákveðið í sameiningu þessara tveggja fyrirtækja.

Þá fjallar ELS um það sem fram kom í greinargerð áfrýjanda að sá sem hafi tekið við málinu hjá áfrýjanda hafi ekki verið sérfræðingur í einkaleyfum og honum hafi ekki verið kunnugt um samkomulag áfrýjanda og AstraZeneca. Um þetta segir ELS:

Einkaleyfastofan bendir á að gera verði þær kröfur til stjórnenda að þeir sjái til þess að starfsmenn sem sinna sérhæfðum störfum fái til þess viðeigandi þjálfun og séu undir eftirliti á meðan þjálfunin á sér stað. Að mati Einkaleyfastofunnar eru það því ekki haldbær rök fyrir því að umsóknin hafi ekki verið yfirfærð til Íslands innan réttra tímamarka, að sá sem hafi komið að málinu eftir að einkaleyfasérfræðingurinn lét af störfum sé ekki sérfræðingur um einkaleyfi og hafi ekki verið kunnugt um samkomulag Abgenix, Inc. og AstraZeneca.

Þá segir enn fremur orðrétt í greinargerð stofnunarinnar:

Þá heldur áfrýjandi því fram að ekkert sé í bréfaskriftum Knobbe, Martens, Olson and Bear LLP, sem var umboðsmaður Abgenix, Inc. út á við, sem hefði getað gefið þeim aðila sem sinnti málinu til kynna, að það félli undir samvinnu AstraZeneca og Abgenix, Inc.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Einkaleyfastofan hefur um fyrirspurn Knobbe, Martens, Olson and Bear LLP. til Abgenix, Inc. felur hún í sér beiðni um fyrirmæli varðandi áætlun um innlögn alþjóðlegu umsóknarinnar. Að mati Einkaleyfastofunnar verður að teljast eðlilegt að fyrirmæli Abgenix, Inc. séu gefin með hliðsjón af fyrrgreindu samkomulagi sem fól í sér m.a. sameiginlega áætlun um innlagningu einkaleyfaumsókna. Verður að gera þá kröfu til þeirra sem gefa slík fyrirmæli fyrir hönd fyrirtækisins að þeir þekki þá samninga sem eru í gildi innan fyrirtækisins og geta hugsanlega falið í sér breytta stefnu í málefnum er varða einkaleyfaumsóknir fyrirtækisins.

Einkaleyfastofan getur ekki fallist á að umboðsmaður umsækjanda og sérfræðingar og ábyrgðarmenn innan fyrirtækis umsækjanda, Abgenix, Inc. hafi í máli þessu gert allt sem af þeim mátti krefjast til að tryggja yfirfærslu á ofangreindri umsókn í landsbundna fasann, með þeim hætti sem stefnt var að samkvæmt því samkomulagi sem fyrirtækið hafði gert við AstraZeneca.

Að lokum vekur áfrýjandi athygli á því að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að koma með athugasemdir við rök Einkaleyfastofunnar fyrir því að hafna beiðninni um endurveitingu réttinda áður en bréf um höfnun á endurveitingu réttinda, dags. 7. júní 2007, var sent umsækjanda.

Einkaleyfastofan bendir á að höfnun stofnunarinnar á endurveitingu réttinda, sbr. ákvörðun dags. 7. júní 2007, er alfarið byggð á þeirri greinargerð sem umsækjandi lagði fram er hann fór fram á endurveitingu réttinda. Er sú framkvæmd í samræmi við reglu PCT sáttmálans nr. 49.6 (e) þar sem fram kemur að ákvörðun um að hafna endurveitingu megi ekki taka án þess að gefa umsækjanda kost á að tjá sig áður.

Með vísan til þess sem fram hefur komið, til höfnunar Einkaleyfastofu á beiðni um endurveitingu réttinda, dags. 7. júní 2007, og þess rökstuðnings sem þar kemur fram, ítrekar Einkaleyfastofan fyrri ákvörðun sína þess efnis að hafna beiðni um endurveitingu réttinda skv. 72. gr. ell. vegna einkaleyfisumsóknar nr. 8115.

Áfrýjunarnefnd tók málið til úrskurðar á fundi sínum 1. júlí 2008.

Niðurstaða:

Í máli þessu er deilt um réttmæti hinnar kærðu ákvörðunar, synjunar ELS frá 7. júní 2007 um endurveitingu réttinda til áfrýjanda, samkvæmt umsókn nr. PCT/US2003/02632, með tilliti til 1. mgr., 72. gr. ell., sbr. 1. mgr. 31. gr. sömu laga. Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. ell. skal umsækjandi sem óskar eftir því að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands, greiða tilskilin gjöld til einkaleyfayfirvalda innan 31 mánaðar frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi umsóknar. Í máli þessu var forgangsréttar krafist frá 19. ágúst 2002 og bar áfrýjanda því að yfirfæra umsóknina hingað til lands eigi síðar en 19. mars 2005. Samkvæmt 1. mgr. 72. gr. ell. er ELS heimilt að endurveita umsækjanda rétt sem glatast sökum þess að hann hafi ekki gert ráðstafanir innan framangreinds 31 mánaða frests. Áskilið er þó í lagaákvæðinu að umsækjandi hafi gert allt sem af sanngirni megi krefjast af honum til að virða frestinn og að hann hafi gert viðeigandi ráðstafanir innan tveggja mánaða frá brottfalli hindrunar sem töfinni olli, en þó aldrei síðar en einu ári frá lokum frestsins, að uppfylltu skilyrði um sérstaka beiðni þar á lútandi til ELS og greiðslu tilskilinna gjalda. Framangreint skilyrði um tímafrest til móttöku umsóknar skv. 1. mgr. 72. gr. ell. taldist uppfyllt en í hinni kærðu ákvörðun taldi ELS ekki sýnt fram á að áfrýjandi hafi gert allt sem með sanngirni mætti krefjast af honum.

Umboðsmaður áfrýjanda ber að hindrun sú sem varð þess valdandi að áfrýjandi uppfyllti ekki 31 mánaða frestskilyrði 31. gr. ell. verði rakin til brotthvarfs einkaleyfasérfræðings úr starfi hjá áfrýjanda. Hafi það leitt til þess að áfrýjandi hafi ekki haft samráð við samstarfsaðila fyrirtækisins um framgang alþjóðlegra einkaleyfisumsókna eins og kveðið var á um í samstarfssamningi þeirra og látið umboðsmann sinn hefja landsbundinn fasa einkaleyfaumsóknar samkvæmt venjulegri áætlun sinni, þ.e. alþjóðlega umsókn sem náði til Evrópsku einkaleyfastofunnar, Bandaríkjanna, Japans, Kanada og Ástralíu. Ef gerð hefði verið víðtækari áætlun eins og samstarfsaðili áfrýjanda fylgdi venjulega um erlenda innlögn hefði landsbundinn fasi hafist fyrir umsóknina á hér á landi í tæka tíð. Framangreind mistök hafi ekki uppgötvast fyrr en 8. september 2005.

Í gögnum málsins kemur fram að áfrýjandi sem er skráður umsækjandi 360 einkaleyfa á alþjóðlega vísu, hefur haft starfandi einkaleyfasérfræðing innan fyrirtækisins og notið sérfræðiþekkingar einkaleyfaskrifstofunnar Knobbe, Martens, Olson and Bear LLP. Með hliðsjón af því verður talið að gera megi ríkar kröfur til áfrýjanda við mat á því hvort hann

hafi gert allt sem með sanngirni megi krefjast af honum skv. 1. mgr. 72. gr. ell. Í því felst m.a. að gera verður þær kröfur til stjórnenda áfrýjanda að til staðar sé hæfilegt skipulag innan fyrirtækisins til þess að bregðast við breytingum í starfsmannahaldi með viðeigandi hætti.

Hafa ber í huga að 1. mgr. 72. gr. ell. felur í sér algjöra undantekningarreglu. Almannahagsmunir krefjast þess að skýrt sé hvaða einkaleyfi eða einkaleyfisumsóknir séu í gildi. Skýrar reglur um tímafresti og afleiðingar þeirra í einkaleyfalögunum eiga m.a. að stuðla að réttarvissu um það atriði. Því eru sett ströng skilyrði um að hlutaðeigandi uppfinningamaður eða umboðsmaður hans hafi gert allt sem með sanngirni megi af honum krefjast til að virða þann frest svo unnt verði að beita heimild 72. gr. ell. Einkaleyfayfirvöldum ber því að meta heildstætt í hverju máli fyrir sig hvenær aðstæður eru svo óvenjulegar að þær heimila endurveitingu og hvort skilyrðinu sé fullnægt um að allt hafi verið gert af hálfu réttshafa eða umboðsmanns hans til að virða hinn lögbunda frest sem sanngjarnt er að krefjast af honum. Til leiðbeiningar er áréttað í athugasemdum við 72. gr. í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 17/1991 að beita skuli ströngu mati.

Í máli áfrýjanda er athygli vakin á því að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum áður en ELS tók hina kærðu ákvörðun og að sú framkvæmd sé andstæð e-lið 6. mgr. 49. gr. samstarfssamningsins um einkaleyfi. Umrætt ákvæði samstarfssamningsins um einkaleyfi felur í sér sérstaka andmælareglu sem hefur ekki verið innleidd í lög nr. 17/1991. Að mati áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar telst réttarstaða áfrýjanda að þessu leyti vera nægilega tryggð með andmælareglu 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 en þar er kveðið á um að aðili máls skuli eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Í athugasemdum við ákvæðið í því lagafrumvarpi sem varð að lögum nr. 37/1993 kemur fram að meginhlutverk reglunnar sé að tryggja hagsmuni þess aðila stjórnarsýslumáls sem kann að vera ókunnugt um að mál hans sé til meðferðar hjá stjórnvaldi. Stofnast þá skylda hjá stjórnvaldi að vekja athygli viðkomandi á því eins fljótt og kostur er. Í því máli sem hér um ræðir er um að ræða beiðni um endurveitingu réttinda sem er lögð fram að frumkvæði áfrýjanda. Hin kærða ákvörðun er jafnframt tekin á grundvelli gagna sem áfrýjandi hefur aflað í þágu rekstrar málsins hjá ELS. Verður því ekki annað séð en meðferð málsins hjá ELS hafi verið í samræmi við 13. gr. stjórnarsýslulaga.

Ekki verður því talið að sá dráttur sem varð á yfirfærslu PCT-umsóknar nr. PCT/US2003/026232 í landsbundinn fasa hér á landi, andstætt 1. mgr. 31. gr. ell., stafi af óvenjulegum og óviðráðanlegum aðstæðum sem uppfylli skilyrði 1. mgr. 72. gr. ell. um endurveitingu réttinda. Niðurstaða áfrýjunarnefndar er því að staðfesta beri hina kærðu ákvörðun eins og nánar greinir í úrskurðarorðum.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Einkaleyfastofunnar, dags. 7. júní 2007, um að hafna beiðni um endurveitingu réttinda vegna umsóknar nr. 8115, sbr. PCT umsókn nr. PCT/US2003/026232, er staðfest.

Úrskurð þennan kváðu upp Rán Tryggvadóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Jón Vilberg Guðjónsson lögfræðingur og Sigrún Brynja Einarsdóttir lögfræðingur.

Rán Tryggvadóttir

Jón Vilberg Guðjónsson

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Rétt endurrit staðfestir